

**LÖG**  
**um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og**  
**lögum um landlækni og lýðheilsu (fækkun hæfnisnefnda).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.**

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

36. og 37. gr. laganna falla brott, ásamt fyrirsögnum.

II. KAFLI

**Breyting á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.**

3. gr.

Orðin „að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu“ í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 29. mars 2025.*

**Halla Tómasdóttir.**

(L. S.)

Alma D. Möller.